**Nd. 371. Frumvarp til laga**

um löggilding verzlunarstaðar við Núpsbót í Dýrafirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Við Núpsbót í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt í þeim tilgangi, að unnt verði að vátryggja báta, er stunda veiðar úr Núpsbót, sem er góð höfn.